



Reykjavíkurborg  
Íþróttá- og tólmstundasvið

SKJALAVER  
HÖFÐATORGI

02. DES. 2019

Málsnr. VEL 2019120003

Bréfalykill. 6.0

Reykjavík, 27. nóvember 2019  
2019100011  
6.2.0

Velferðarráð


Borgartúni 10-12  
105 REYKJAVÍK

### Frístundakortið

Á fundi menningar-, íþróttá- og tólmstundaráðs 25. nóvember 2019 var lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar þar sem fram kemur að á fundi borgarstjórnar 1. október 2019 hafi verið vísað til meðferðar menningar-, íþróttá- og tólmstundaráðs eftirfarandi tillögu:

*"Borgarfulltrúi Flokks fólksins leggur til að borgarstjórn samþykki að frístundakortið verði einungis notað í samræmi við skilgreint markmið þess og tilgang. Þar með verði afnumið skilyrði að til þess að geta sótt um aðra fjárhagsaðstoð, þ.m.t. þriggja mánaða skuldaskjól eða afskrift vanskila, verði foreldri/skuldari fyrst að nýta rétt til frístundakorts skv. greinum 16a og 16b í reglum um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg og reglum um verklag vegna vanskila foreldra er varðar þjónustu við börn. Hugmyndafræðin að baki frístundakorti tengist ekki á neinn hátt erfiðleikum foreldra að greiða fyrir frístundaheimili hvað þá greiðslu skulda eða afskriftir vanskila foreldra við borgina. Þvert á móti er markmið og tilgangur frístundakortsins að: Öll börn og unglingar í Reykjavík 6-18 ára geti tekið þátt í uppbyggilegu frístundastarfi óháð efnahag eða félagslegum aðstæðum foreldra. Árið 2009 var samþykkt á fundi borgarráðs að unnt verði að greiða fyrir frístundaheimili með frístundakortum. Sú ákvörðun gengur einnig í berhögg við markmið og tilgang frístundakortsins. Frístundakortinu er ætlað að auka jöfnuð og fjölbreytni í iðkun íþróttá-, lista- og tólmstundastarfsemi. Að spyrða rétt barns til frístundakorts við fjárhagserfiðleika og umsókn foreldra um fjárhagsaðstoð og skuldaskjól eða nota það sem gjaldmiðil upp í greiðslu vegna nauðsynlegrar dvalar barns á frístundaheimili er brot á rétti barnsins."*

Menningar-, íþróttá- og tólmstundaráð samþykkti að vísa tillögunni til velferðarráðs.

  
Omar Einarsson.



Borgartúni 12-14  
105 Reykjavík  
Sími 411 5000